

*Ágreiningur um tollverð tveggja vélsleða

Úrskurður nr. 10/2000.

Í máli þessu er kærð sú ákvörðun tollstjóra að ákvarða tollverð tveggja vélsleða af "Ski Doo summit 700" gerð. Kærandi gerir kröfu um að reikningsverð sleðanna verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollstjóri gerir þá kröfu að ákvörðun tollstjóra verði staðfest. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra

Lög nr. 55/1987 8. - 9. gr., 21. gr. og 100 gr. Reglugerð nr. 374/1995, 2. - 3. gr., 7. - 8. gr., 10.-15. gr. og 17. - 21. gr.

Með bréfi, dags. 14. nóvember 2000, kærir L, f.h. M og K úrskurð tollstjóra nr. 11/2000, frá 4. október 2000, um tollverð tveggja snjósleða af gerðinni "Ski Doo summit 700" sem komu til landsins í sendingu nr. D 778 23 04 0 LU LUX M 437 og D 778 23 04 0 LU LUX M 438. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupum á sleðunum að fjárhæð US\$ 5.600.- verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Tollstjóri hafnar framlögðum reikningi og ákvarðar verð á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 að tollverð hvors sleða skuli vera kr. 549.223,00.

Kærandi segir m.a. í kröfugerð sinni að umbjóðendur hans hafi keypt tvo vélsleða af gerðinni Ski Doo Summit 700, af Bear Valley Ski Doo, sem er söluaðili Ski Doo í Bear Valley í Bandaríkjunum. Sleða þessa hafi söluaðili notað við kynningu og sölu á vegum fyrirtækis síns og hafði sleðunum verið ekið um 100 mílur af viðskiptamönnum og starfsmönnum hans. Hér sé því um að ræða svokallaða sýningarsleða sem hafi verið notaðir þegar þeir voru keyptir af söluaðilanum. Af þessari ástæðu fengust sleðarnir keyptir á hagstæðu verði eða USD 2.800.- hvor sleði.

Sleðarnir komu til landsins í apríl s.l. og í framhaldi af því skiluðu Fraktlausnir ehf., f.h. innflytjenda, aðflutningsskýrslum í samræmi við fyrirliggjandi gögn og var tollverð þar greint kr. 354.526.- og aðflutningsgjöld skv. því kr. 219.809.- af hvorum sleða. Þegar greiða átti aðflutningsgjöld tilkynnti tollstjóri að ekki væri fallist á verð það sem fram kæmi í vörureikningum og óskaði eftir frekari skýringum á verði sleðanna.

Þá kemur fram í kröfugerðinni að með bréfi, dags. 30. júní s.l., hafi tollstjóra verið gerð grein fyrir því hvernig sleðarnir voru keyptir. Einnig var bréf Michael Denicola, umboðsaðila Ski Doo í Bear Valley og seljanda sleðanna, dags 5. júlí s.l., afhent starfsmanni tollstjóra. Í því sé gerð grein fyrir því hvernig viðskiptin fóru fram og hvers vegna sleðarnir voru seldir á svo hagstæðu verði. Einnig að sleðarnir voru sýningartæki sem notaðir voru af umboðsaðilanum til sölu á öðrum sleðum. Þá komi fram í nefndu bréfi að kærndur hafi notið góðra kjara vegna mikilla viðskipta Gunnars Þórðarsonar við umboðsaðilann, en Gunnar hafði milligöngu um viðskiptin. Þá hafi seljandi notið skattahagræðis í heimalandi sínu vegna sölunnar.

Kærandi byggir kröfur sínar á að skv. grundvallarreglum tollalaga, nr. 55/1987, sbr. sérstaklega 8. og 9. grein laganna og II. kafla reglugerðar nr 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun með síðari breytingum, sé óheimilt að miða aðflutningsgjöld við annað verð en viðskiptaverð vöru. Í 8. grein laga 55/1987 segir m.a. "Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverð, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar..... að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum." Ekkert þeirra skilyrða sem síðan eru talin upp eiga við í þessu máli. Í e- lið 2. mgr. 2. greinar reglugerðar 374/1995 kemur fram að skilyrði fyrir notkun viðskiptaverðs sé að tollstjóri hafi ekki dregið í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningsskýrslu. Með hliðsjón af framkomu starfsmanna tollstjóra verður að ætla að þeir hafi dregið sannleiksgildi upplýsinganna í efa. Að þeirra ósk var aflað sérstakrar staðfestingar og útskýringar á viðskiptaverði hinna keyptu sleða, sbr. bréf dags 5. júlí sl. Þá liggur fyrir kvittun fyrir greiðslu viðskiptareiknings USD 5.600.- með kr. 415.392.- dags. þann 3. apríl s.l. Kærandi telur að framkomin gögn staðfesti að reikningur vegna sleðanna að fjárhæð USD 5.600.- sé réttur og ekki sé um að ræða neinar aðrar greiðslur fyrir vörurnar. Þá eru ekki til staðar nein þau tengsl sem skv. tollalögum heimila að gerðar séu breytingar á viðskiptaverði við ákvörðun aðflutningsgjalda.

Kærandi telur það ljóst að starfsmenn tollstjóra hafi ekki haft lögmeða ástæðu til að ætla að viðskiptaverð skv. framangreindum gögnum sé ekki eiginlegt söluverð vörunnar og því beri þeim að miða við viðskiptaverð USD 2.800.-

Kærandi vill leiðrétta það sem fram kemur í úrskurði tollstjóra um að annar sleðinn sé ekinn 24 mílur en hann mun hafa verið ekinn 74 mílur.

Kærandi vísar til nýlegs úrskurðar ríkistollanefndar sem upp var kveðinn þann 9. október 2000 í máli nr. 9/2000. Í því máli var deilt um svipað álitaefni og hér er til meðferðar, þ.e. hvort heimilt sé að miða við annað en reikningsverð vöru þegar fyrir liggir trúverðugar skýringar á hagstæðu reikningsverði vöru. Í úrskurði ríkistollanefndar kemur fram að við tollverðsákvörðun verður kaupverði ekki hafnað eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara kaupanda en almennt gerist í viðskiptum. Innflytjendur eiga almennt að njóta góðra kaupa.

Að lokum segir í kröfugerð kæranda að fyrir liggja fullgildir vörureikningar, kvittanir fyrir greiðslu þeirra í íslenskum banka, staðfesting hins erlenda seljanda á verði sleðanna ásamt skýringum á því hvers vegna sleðarnir hefðu verið seldir á svo hagstæðu verði. Með hliðsjón af framangreindu krefst hann þess að ríkistollanefnd felli úrskurð tollstjóra úr gildi og úrskurði að við ákvörðun tollverðs vélsleðanna með sendingarnúmer D778 23 04 0 LU LUX M 437 og M 438 skuli leggja til grundvallar framlagðan reikning að fjárhæð USD 5.600.-.

Í greinargerð með hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að uppgæfið verðmæti vélsleða skv. aðflutningsskýrslu og framlögðum reikningi sé USD 2.800,00 hvor sleði. Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sé tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Í IV. kafla reglugerðarinnar sé síðan mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verði af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar, sbr. 10. - 15. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Komi þar fram í 17. gr. að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess, eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjöllum, saman við viðmiðunarverð ökutækis af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Við verðsamanburð embættisins skv. 17. gr. reglugerðarinnar var stuðst við ritið CLYMER, Powersport Vehicle Blue Book, þ.e. handbók um markaðsverð m.a. vélsleða í Bandaríkjunum, sem gefið sé út af eftirlitsaðilum bifhjólaiðnaðarins í Bandaríkjunum og er notað um öll Bandaríkin. Ríkistollstjóri leggi embættinu ritið í té, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Í ritinu komi fram að viðmiðunarverð á vélsleða af sömu árgerð, tegund og undirtegund sem hér um ræðir sé USD 7.099,00 og þá hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts í viðskiptalandinu. Þá kannaði tollstjóri verð á sambærilegum vélsleðum á internetinu. Reyndust verðin í öllum tilfellum vera mjög í samræmi við þau verð sem uppgæfin voru í áður nefndu riti. Kannaðir voru bæði nýir sem notaðir vélsleðar. Fann embættið t.d. verð á notuðum vélsleða að upphæð USD 2.799,00 og var það 1993 árgerð af Ski Doo tundra II Mint 280 cc. Þá var einnig að finna notaðan vélsleða á verðinu USD 2.800,00, árgerð 1998 af Ski Doo Touring E Elec Start, ekinn 3200 mílur. Fann embættið einnig Ski Doo summit X 670, árgerð 1999, keyrðan 1100 mílur á verðinu USD 4.999,00.

Síðan segir í greinargerð tollstjóra með hinum kærða úrskurði að í 18. gr. reglugerðarinnar nr. 374/1995 sé kveðið á um, að gefi eftirlit tollstjóra skv. 7. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar. Var það gert með bréfi embættisins, dags. 27. júní 2000. Tollstjóri vitnar til skýringa á innkaupsverði sem fram eru komnar í kröfugerð kæranda. Telur hann að þær nægi ekki til að útskýra þann mikla mun, en hann er um 60%, sem er á kaupverði sleðanna og almennu markaðsverði samsvarandi vélsleða í innkaupslandi, samkvæmt ritinu CLYMER, Powersport Vehicle Blue book. Vélsleðarnir voru skoðaðir af starfsmönnum tollstjóra. Engir gallar sáust á sleðunum og virtust þeir líta vel út. Vélsleði með fastanúmer YS-973 var ekinn 100 mílur og vélsleði með fastanúmer KG-682 var ekinn 24 mílur.

Í ljósi þess hve frávik á reikningsverði og markaðsverði vélsleðanna skv. ritinu CLYMER, Powersport Vehicle Blue Book er umtalsvert kveðst tollstjóri ekki geta fallist á framangreindar skýringar kæranda, þ.e. að um sýningarsleða sé að ræða og vinskapur á milli frænda innflytjanda og seljanda, nægi ekki einar og sér til þess að skýra framangreindan mun. Því er með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995 sem og ákvæði IV. og V. kafla sömu reglugerðar, ekki fallist á þá kröfu innflytjanda að framlagður reikningur fyrir kaupum á vélsleðum að fjárhæð USD 2.800,00 per stykki, verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Ekki reyndist unnt að ákvarða tollverð umrædds ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., er svo fyrir mælt í 20. gr., sbr. 15. gr. reglugerðarinnar, að tollverð skuli vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Verður því ákvæðum 20. og 21. gr. fyrrnefndrar reglugerðar beitt um tollverð og tollverðsákvörðun.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila hér á landi, Gísla Jónssyni ehf., er útsöluverð nýs vélsleða, sambærilegum þeim sem hér um ræðir um kr. 995.588,00.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, úrskurðar tollstjóri skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að tollverð vélsleðanna Ski Doo summit 700, árgerð 200, með fast skráningarnúmer Y og K, skuli vera kr. 549.223,00 hvor sleði.

Ríkistollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi, dags. 21. nóvember 2000. Í svari sem barst nefndinni þann 5. desember s.á. kemur m.a. fram að ríkistollstjóra finnast gögn sem lögð voru fram við tollafgreiðslu sleðanna ekki trúverðug. Reikningurinn sé ekki með áprentuðum haus fyrirtækisins né heldur fyrirfram prentuðu raðnúmeri, ekki séu neinar upplýsingar um greiðsluskilmála, gjalddaga né annað sem máli skiptir varðandi greiðslu, þá sé reikningurinn óundirritaður. Þá telur ríkistollstjóri að staðfestingu vanti á því að ekki hafi komið aðrar greiðslur fyrir sleðana en sú sem fram kemur frá Sparisjóði Hafnarfjarðar og kærandi hefur lagt fram.

Eftir ítrekaðar tilraunir náði ríkistollstjóri símasambandi við Michael Denicola, seljanda sleðanna, sem kvaðst mundu senda staðfestingar á innkaupsverði þeirra.

Með vísan í ofanritað og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar krefst ríkistollstjóri þess að hann verði staðfestur.

Þann 19. desember s.l. sendi ríkistollstjóri svo nefndinni viðbótarskýringar nefnds Michael sem hann sendi á faxi til embættisins. Þar kemur fram reikningur nr. 234 stílaður á Mignas Radinson. Í fyrirlýsingu á reikningnum segir að hann sé nýr þar sem upphaflegi reikningurinn hafi tapast með tölvugögnum. Síðan segir orðrétt. "Við nánari skoðun á þeim reikningum sem fylgdu gögnum málsins kemur í ljós að sá sem fylgdi kæru til ríkistollanefndar er dagsettur 3/29/2000, ber númerið 2813 og er stílaður á Magnús Radisson. Hann er samhljóða reikningi sem fylgdi aðflutningsskjöllum vegna sendingar D 778 23 04 0 LU LUX M438. Reikningurinn sem fylgdi skjöllum vegna sendingar D 778 23 04 0 LU LUX M437 er dagsettur sama dag og með sama númeri en hann er hins vegar stílaður á Manus Hedinson. Umræddir reikningar sem fylgdu aðflutningsskjöllum eru ljósrit, en ekki hefur verið framvísað frumritum.

Með vísan í ofanritað og fyrri kröfugerð telur embættið að kæranda hafi ekki tekist að sýna fram á trúverðuleika framkominna gagna og ítrekar því kröfu sína um að úrskurður tollstjóra verði staðfestur."

Kærandi var send kröfugerð ríkistollstjóra með bréfi þann 6. des. s.l. Í svari sem sent var nefndinni þann 18. s.m. með símbréfi segir að umbjóðendur kærandi hafi verið í sambandi við seljanda sleðanna og verði upplýsingar um kaupin sendar um leið og þær berast til nefndarinnar. Kærandi var tilkynnt með símbréfi samdægurs að ríkistollanefnd myndi kveða upp úrskurð í málinu, byggðan á fyrirliggjandi gögnum, eigi síðar en 28. desember n.k. Kærandi voru sendar viðbótarskýringar ríkistollstjóra með bréfi þann 20. desember 2000 og gefinn frestur til að tjá sig um málið, en hann nýtti sér það ekki.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu og haldið fundi um það. Í málinu er deilt um hvort framlagður reikningur vegna kaupa á snjósleðum af gerðinni Ski Doo summit 700 fastanúmer Y og K, sem fluttir voru inn frá Bandaríkjunum, á sendinganúmeri D778 23 04 0 LU LUX M437 og D778 23 04 0 LU LUX M438 skuli lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Tollstjóri hafnar framlögðum reikningi og ákvarðar tollverð samkvæmt 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Eins og fram hefur komið er tollverð innfluttrar vöru viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greidda ber fyrir vöruna, sbr. 8. gr. laga nr. 55/1987 og 2. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995. Ef ekki er unnt að beita þessu ákvæði til ákvörðunar tollverðs vegna þess að viðskiptaverðið er mjög frábrugðið þeim verðum sem almennt gerast í viðskiptalandinu er yfirvöldum heimilt að beita ákvæðum 10. - 14. gr., þ.e. að líta til verðs sams konar vara sem fluttar hafa verið inn á svipuðum tíma og sú sem ágreiningur stendur um. Ef ekki er unnt að finna tollverð út miðað við þessar reglur ber að beita ákvæðum 20., sbr. 21. gr. rgl. 374/1995, en þar kemur fram sú regla að tekið er verð á nýju sams konar ökutæki og það verð afskrifað með tilteknum hætti.

Eins og fram kemur hér að ofan er ríkistollstjóra falið í 19. gr. rgl. nr. 374/1995 að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá. Til að uppfylla þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri útvegað tollstjórum bók "CLYMER, Powersport Vehicle Blue Book" uppflettirit um meðalverð notaðra bifhjóla, og ýmissa annarra farartækja þ.m.t. snjósleða. Rit þetta er útgefið af bifhjóla- og vélsleðaframléiðendum/seljendum í Bandaríkjunum og notað þar í landi til upplýsinga um verð á þessum farartækjum. Í formála ritsins kemur fram að sökum snjóleysis í Bandaríkjunum veturinn 1999–2000 hafi verð lækkað á snjósleðum og tekið sé tillit til þessi í ritinu. Nefndarmenn rengja ekki trúverðugleika upplýsinga þessa rits eftir að hafa kannað verð á snjósleðum á Internetinu og borið þau saman við uppgefin verð í bókinni. Ljóst er að innkaupsverð vélsleðanna sem hér eru til meðferðar er verulega mikið lægra en verð á vélsleðum sömu gerðar í CLYMER, Powersport Vehicle Blue Book.

Í kröfugerð sinni vitnar kærandi til nýlegs úrskurðar ríkistollanefndar þar sem ágreiningur var um tollverð bifreiðar sem flutt var inn frá Bandaríkjunum. Bifreið þessi var keypt á uppboði og var skemmd eftir árekstur. Tollstjóri hafnaði reikningsverði og ákvarðaði verð samkvæmt 20., sbr. 21. gr. rgl. nr. 374/1995. Ríkistollstjóri taldi hins vegar að innkaupsverðið væri trúverðugt eftir að hafa kannað forsendur þess og gerði þá kröfu í málinu að það yrði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti kröfu kærandi og ríkistollstjóra í því máli. Nefndarmenn telja tilvitnað mál ósambærilegt við aðstæður í máli því sem hér er til meðferðar.

Við tollverðsákvörðun verður kaupverði ekki hafnað eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara kaupanda en almennt gerist í viðskiptum. Innflytjendur eiga almennt að njóta góðra kaupa. En til að svo megi vera verða öll gögn er lúta að innflutningnum að vera trúverðug. Nefndarmenn telja að svo sé ekki í þessu tilfelli. Við tollafgreiðslu er lagt fram ljósrít af innkaupsreikningi stílaður á Magnus Hedinson. Sá reikningur er nr. 2812 og dagsettur 29. mars 2000. Með kærugögnum til ríkistollanefndar var hins vegar reikningur sem stílaður var á Magnus Radisson. Er sá reikningur að öllu leyti eins og sá sem fylgdi tollafgreiðslunni. Eftir marg ítrekaðar tilraunir tollyfirvalda til að fá fram skýringar á innkaupsverði og frumriti reiknings er lagt fram faxbréf af reikningi stílað á Mignas Radinson. Reikningur þessi er nr. 234 dagsettur 29. mars 2000 og kemur fram á honum að vegna þess að tölvukerfi fyrirtækisins hafi eyðilagst þá sé ekki hægt að leggja fram frumrit reiknings. Í reynd eru komnir fram þrjú innkaupsreikningar, stílaðir á mismunandi nöfn en allir á sömu innkaup þ.e. "2 st. 2000 Ski Doo Summit 700 Snowmobile Demonstrator (Used)".

Með hliðsjón af ofanrituðu svo og fyrirliggjandi gögnum telja nefndarmenn rétt að fallast á rökstuðning tollstjóra og ákvörðun hans um tollverð tveggja snjósleða af gerðinni "Ski Doo Summit 700" samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995.